

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfus  
Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 16. september 2022  
UST202208-247/B.S.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Baðlón og skíðaskáli – Hveradalir. Umsögn**

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Fram kemur að ætlunin er að nota skiljuvatn frá Hellisheiðarvirkjun og farga vatninu eftir notkun þess með niðurdælingu í jarðhitakerfið. Þannig verði um lokaða hringrás vatns að ræða frá Hellisheiðarvirkjun um fyrirhugað baðlón og aftur til virkjunarinnar. Tryggt verður að vatn úr baðlóni berist ekki í umhverfið.

Umhverfisstofnun hefur áður lýst áhyggjum vegna mögulegrar loftmengunar frá Hellisheiðarvirkjun en með bættri hreinsun er talið að sú hættu sé ekki lengur fyrir hendi. Fyrirhugað er að nýta svæðið að nýju til skíðaiðkunar eins og í upphafi auk baðlóns og annarra mannvirkja sem tengjast ferðaþjónustu á svæðinu. Hér er um svæði að ræða sem þegar hefur verið raskað vegna jarðvinnu til að skapa aðstöðu fyrir skíðaiðkun á sínum tíma sem og öðrum framkvæmdum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*